



ERINDISBRÉF

Umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps.

I. Kafli Skipun nefndar

1. gr.

Umhverfisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps er skipuð af sveitarstjórn og heyrir beint undir hana. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar og skal hún skipuð að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

2. gr.

Nefndin skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara. Formaður er tilnefndur af sveitarstjórn en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

II. Kafli Fundir og starfshættir

3. gr.

Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir en þó eigi sjaldnar en árlega. Formaður boðar fundi nefndar með minnst tveggja daga fyrirvara. Fundir nefndarinnar skulu að öllu jöfnu boðaðir með skriflegu fundarboði/tölvupósti og því skal að jafnaði fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Sveitarstjóri á rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana sveitarfélagsins er skylt að sitja fundi umhverfisnefndar sé þess óskað.

4. gr.

Umhverfisnefnd skal rita fundargerð í tölvu samkvæmt fyrirmynd af fundargerð frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Fundargerð skal ritari skila sem fyrst til sveitarstjóra sveitarfélagsins.

5. gr.

Fundargerðir umhverfisnefndar skulu lagðar fyrir sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps til staðfestingar.

Sveitarstjóri sér um að fundargerðin sé tekin á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps og jafnframt sér sveitarstjóri um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í umhverfisnefnd, um málalok. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Grímsnes- og Grafningshrepps.

6. gr.

Ákvarðanir nefndarinnar taka formlega gildi við staðfestingu sveitarstjórnar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar.

7. gr.

Nefndinni er ætlað að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn varðandi þau erindi sem berast. Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps í atkvæðagreiðslum um málefni á vegum nefndarinnar.



8. gr.

Nefndarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. sbr. 4. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

III. Kafli Hlutverk og verkefni

Meginhlutverk umhverfisnefndar er að móta umhverfisstefnu og eftir atvikum að endurskoða stefnuna. Að fylgjast með þróun umhverfismála í sveitarfélaginu og hafa vakandi auga með möguleikum til úrbóta innan sveitarfélagsins.

Meðal verkefna nefndarinnar er:

- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í umhverfismálum, að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar,
- að móta umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið og eftir atvikum að endurskoða stefnuna,
- að afla tiltækra upplýsinga, m.a. í samstarfi við aðrar nefndir, um þau atriði sem mestu máli skipta varðandi umhverfismál,
- að standa fyrir almennum fundum, málþingum um umhverfismál og annarri kynningu um umhverfismál,
- að stuðla eftir megni að fegrun sveitarfélagsins og snyrtilegri umgengni og leggja sérstaka áherslu á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki, sumarhúsa eigendur, bændur og einstaklinga í því sambandi,
- að veita ár hvert viðurkenningu aðilum sem skarað hafa fram úr hvað varðar snyrtimennsku, falleg mannvirki eða á öðru sviði umhverfisverndar,
- að stuðla að hverskyns kynningu og útgáfu fræðsluefnis til íbúa sveitarfélagsins, fyrirtækja og stofnana um þau umhverfismál sem eru á verksviði umhverfisnefndar,
- að stuðla að aukinni fræðslu um náttúruvernd m.a. réttindi og skyldur opinberra aðila, landeigenda og almennings,
- að taka til umfjöllunar ástand útivistarsvæða, almennar leikvalla og göngu- og hjólréiðastíga og gerir tillögur til úrbóta telji hún þess þörf,
- að stuðla að merkingu og kynningu á náttúruminum svo og þeim stöðum öðrum sem hafa sérstakt útivistar- eða sögulegt gildi,
- að stuðla að merkingu örnefna,
- að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur henni.

IV. Kafli Þóknun og gildistaka

9. gr.

Fundarþóknun skal vera í samræmi við þóknun annarra nefnda á vegum Grímsnes- og Grafningshrepps.

10. gr

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarskóp fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepp þann 3. október 2018 og tekur þegar gildi.